


Ársskýrsla 2017



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2017 Starfsemi og rekstur

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Dröfn S. Guðmundsdóttir

Sviðs- og deildarstjórar ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Útgefið í ágúst 2018

Efnisyfirlit

| | |
|--|-------------------------------------|
| Rekstur embættis RLS | 5 |
| Yfirlit yfir verkefni RLS 2017 | 6 |
| Starfsemi almannavarnadeildar..... | 7 |
| Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar..... | 14 |
| Starfsemi sérsveitar..... | 15 |
| Starfsemi alþjóðadeildar | 16 |
| Starfsemi stoðdeildar | 18 |
| Starfsemi greiningardeildar | 20 |
| Kennslanefnd | 21 |
| Skjalastýring og móttaka | 26 |
| Stofnun mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu..... | 26 |
| Rannsóknir og þróun..... | 30 |
| Starfsmenn lögreglu..... | 33 |
| Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna | 33 |
| Jafnréttismál lögreglunnar | 33 |
| Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf..... | 34 |
| Summary in English | Error! Bookmark not defined. |

Rekstur embættis RLS

Ársuppgjör 2017

Vegna breytinga á uppgjöri ríkisaðila í samræmi við lög um opinber fjármál verður ekki umfjöllun um fjárhagsuppgjör ársins 2017, þar sem slíkt liggur ekki fyrir af hálfu Fjársýslu ríkisins. Vísað er í ríkisreikning ársins 2017.

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Í lok árs 2017 var fjöldi starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra 133. Árið áður voru þeir 131 og var fjölgunin því 1,5%. Þegar starfsmannaveltan árið 2017 er skoðuð má sjá að heildarveltan var 5% og raunvelta 3%. Sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna ríkislögreglustjóra, kyn, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta.

| | |
|--|---|
| Fjöldi starfsmanna 31.12.2016 | 131 starfsmaður, 116 stöðugildi |
| Fjöldi starfsmanna 31.12.2017 | 133 starfsmaður, 130 stöðugildi |
| Hlutfall kvenna af lögreglumönnum | Af 98 lögreglumönnum eru 7 konur þ.e. 7% |
| Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum | Af 35 borgaralegum starfsmönnum eru 15 konur þ.e. 43% |
| Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna | 13.292 vinnustundir, þ.e. rúmlega 6 ársverk |
| Heildarvelta | 5% |
| Raunvelta | 3% |

Yfirlit yfir verkefni RLS 2017

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Lögreglan í landinu hefur til umráða um 135 ökutæki. Heildarakstur ársins 2017 var 3.499.098 km og er það um 5% aukning frá 2016. Aksturinn skiptist með eftirfarandi hætti á lögregluembættin.

Tafla 2. Akstur ökutækja hjá lögregluembættum 2015-2017, eknir kílómetrar.

| | 2015 | 2016 | 2017 |
|---------------------------------------|------------------|------------------|------------------|
| Ríkislögreglustjórinn | 213.026 | 211.181 | 201.774 |
| Lögregluskólinn/MSL | 23.960 | 20.542 | 0 |
| Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 1.130.164 | 1.089.202 | 1.108.199 |
| Lögreglustjórinn á Vesturlandi | 327.873 | 267.797 | 319.334 |
| Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | 163.670 | 157.353 | 158.094 |
| Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra | 177.789 | 208.658 | 202.939 |
| Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | 323.272 | 345.618 | 383.241 |
| Lögreglustjórinn á Austurlandi | 228.602 | 192.106 | 209.684 |
| Lögreglustjórinn á Suðurlandi | 401.052 | 508.068 | 549.360 |
| Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum | 43.559 | 45.627 | 46.287 |
| Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | 286.975 | 294.264 | 318.380 |
| Samtals | 3.319.942 | 3.340.416 | 3.497.292 |

Ríkislögreglustjóri heldur skrá yfir tjón sem verða á ökutækjum og búnaði lögreglunnar. Í samantekt kemur fram að tjónakostnaður er misjafn á milli ára og ræðst það af eðli og stærð tjóna.

Tafla 3. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum frá 2014-2017.

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---------------|----------------|---------------|----------------|---------------|----------------|
| Fjöldi tjóna | 74 | 64 | 58 | 53 | 74 |
| Fjárhæð tjóna | 17.434.163 kr. | 7.825.934 kr. | 11.339.063 kr. | 5.214.640 kr. | 11.739.343 kr. |

Starfshópur ríkislögreglustjóra skal hafa eftirlit með öllu því er varðar ökutæki lögreglunnar og tækjabúnað. Umboð ríkislögreglustjóra er víðtækt og er ekki takmarkað við tiltekin tæki eða einstakan búnað öðrum fremur. Flest tjón á ökutækjum lögreglunnar verða þegar lögreglumenn sinna venjulegu löggæslueftirliti. Má því í mörgum tilfellum flokka tjónin undir óvarkárni ökumanna þegar ekið er utan í hluti eða á önnur ökutæki. Þá er vert að nefna tjón á lögregluökutækjum vegna umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Má í því sambandi nefna hraðahindranir þar sem skemmdir verða á undirvagni, skemmdir vegna þrengingar á akbrautum, vegriða og annarra hindrana. Starfshópurinn hefur komið þeim upplýsingum til Samgöngustofu. Aukning hefur orðið á tjónum vegna eftifara lögreglu og í flestum þeim tilvikum hafa tjónin fengist bætt hjá tryggingarfélögum.

Starfshópurinn sendir lögreglustjórum viðkomandi umdæma upplýsingar um hraða og akstur ökutækjanna þar sem tjón hafa orðið og óskar eftir upplýsingum um afgreiðslu lögreglustjóranna á þeim málum. Ríkislögreglustjóri gerir í öllum tilvikum bótakröfur á tjónvald þegar skemmdarverk eru unnin á ökutækjum lögreglunnar. Nokkur slík tilvik voru á árinu.

Ekki er getið hér um þau tjón er verða á bílaleigubílum sem lögregluembættin taka á leigu og eru á ábyrgð þeirra.

Á árinu voru pantaðar 14 nýjar lögreglubifreiðar og þrjú lögreglumótorhjól. Ökutækin fara til sérsveitar ríkislögreglustjóra, til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á Vesturlandi og á Vestfjörðum, á Norðurland vestra og eystra, á Austurlandi og Suðurlandi, til Vestmannaeyja og á Suðurnes. Meðal þeirra bifreiðategunda sem valdar voru að undangengnu örútbóði var Volvo V90 CC 4x4. Þetta eru fyrstu bifreiðarnar sem ríkislögreglustjóri kaupir sem eru sérframleiddar fyrir lögreglu og koma nánast tilbúnar til löggæslustarfa. Bifreiðarnar koma með nýjum merkingum sem ríkislögreglustjóri lét hanna með sérfræðingum á því sviði. Töluverðar tafir hafa verið á afhendingu bifreiðanna þar sem leysa hefur þurft ýmis tæknileg atriði til að þær henti íslensku lögreglunni.

Ásamt kaupum á nýjum bifreiðum var fjarskiptabúnaður, upptöku- og radarbúnaður ásamt forgangsbúnaði endurnýjaður. Þá var tölvubúnaður settur í allar nýjar bifreiðar.

Starfsemi tölvudeildar

Í tölvudeild ríkislögreglustjóra störfuðu á árinu átta manns, deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfa, fjórir tæknimenn og tveir forritarar. Að auki naut deildin aðkeyptrar þjónustu tæknimanns við uppfærslu á skjölun vegna högunar Schengen-tölvukerfa.

Tölvudeildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglunnar, nema lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem og

útlendingastofnunar, embættis ríkissaksóknara og embættis héraðssaksóknara.

Á neti lögreglunnar eru alls rúmlega 1.000 notendur á um það bil 60 starfstöðvum. Á árinu 2017 voru nærri 200 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum sem er ívið minna en árið á undan en stefna ríkislögreglustjóra er að vinnustöðvar starfsmanna verði aldrei eldri en þriggja til fjögurra ára. Fjöldi útstöðva (tölva) hefur farið vaxandi síðustu árin og nálgast að vera sá sami og fjöldi starfsmanna í árslok.

Öll þróun vegna lögreglakerfisins, LÖKE, er unnin af forriturum tölvudeildar sem og þróun „apps“ til nota í spjaldtölvum. Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt.

Tölvudeild RLS sinnir notendabjónustu við lögregluna í landinu auk útlendingastofnunar, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Schengen-upplýsingakerfin

Á vegum Schengen-samstarfsríkjanna voru haldnir undirbúningsfundir vegna talsverðra breytinga og viðbóta sem fyrirhugaðar eru á upplýsingakerfum vegna samstarfsins. Gert er ráð fyrir viðamiklum breytingum og viðbótum á næstu þremur til fjórum árum og að vinna vegna þeirra hefjist strax á árinu 2018

Sjálfvirk landamærahlíð

Starfsmenn upplýsingatæknideildar unnu að undirbúningi, uppsetningu og innleiðingu á 12 nýjum, sjálfvirkum landamærahlíðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í samstarfi við Isavia og Lögreglustjóran á Suðurnesjum. Hlíðin voru tekin í notkun í júní á árinu 2017. Frá þeim tíma til áramóta voru 660 þúsund uppflettingar í SIS kerfið gerðar úr hliðunum eða um 20% af heildaruppflettingum á tímabilinu.

Þegar farið er gegnum sjálfvirku landamærahlíðin er sjálfkrafa leitað í þeim gagnaveitum sem skylt er að leita í við ferð um landamæri, út frá þeim upplýsingum sem birtar eru í vegabréfum farþega.

Spjaldtölvur í lögreglubílum

Við lok ársins voru rúmlega 40 af 150 ökutækjum lögreglu búin tölvubúnaði og áfram er unnið að hugbúnaðarlausnum til að mæla útkallstíma. Ýmis konar þróun varð á hugbúnaðinum sem lögreglumenn á vettvangi nota í spjaldtölvunum til að tryggja betra aðgengi að upplýsingum í lögreglakerfinu. Einnig var unnið að breytingum á hugbúnaðinum til að hann nýtist fyrir tölvustýrða útkallsþjónustu lögreglu. Þar er skráð hvenær útkall berst, hvenær lagt er af stað, hvenær komið er á vettvang og hvenær lögreglubifreiðin heldur af vettvangi. Þá var og unnið að því að gera kleift að skrá svokallaðar vettvangsskýrslur vegna umferðarlagabrota í spjaldtölvunum, en þær skýrslur hafa til þessa verið skráðar í tvíriti á pappír og tímafrekt bæði að fylla þær út á vettvangi sem og að færa allar upplýsingarnar inn í tölvukerfin eftir að komið er aftur á lögreglustöð.

Starfsemi almannavarnadeildar

Á árinu var nokkrum sinnum lýst yfir almannavarnastigi. Hættustigi var lýst vegna óveðurs á sunnanverðu og suðvestanverðu landinu í lok febrúar. Óvissustigi var lýst yfir á Suðurlandi og Austurlandi vegna úrkomu og vatnavaxta í september. Mikið tjón varð á ræktarlandi og vegum auk þess sem brýr löskuðust. Óvissustigi var lýst vegna hlaups í Múlakvísl í ágúst og í nóvember var lýst óvissustigi vegna jarðhræringa í Örafajökli og var því haldið út árið. Þann 24. nóvember var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu bæði á norðanverðum Vestfjörðum og á Austurlandi en það var afturkallað daginn eftir.

Nokkuð var um jarðskjálftahrinur á árinu bæði úti fyrir Norðurlandi, við Grindavík og á Suðurlandi en ekki var lýst yfir almannavarnastigi vegna þeirra.

Nokkur alvarleg slys urðu á árinu þar sem erlendir ferðamenn áttu hlut að máli. Mjög alvarlegt rútuslys varð í Eldhrauni nálægt Kirkjubæjarklaustri þann 27. desember þar sem tveir létust og margir slösuðust alvarlega. Einnig varð rútuslys á sunnanverðu Snæfellsnesi 19. nóvember þar sem nokkrir slösuðust og á Möðrudalsöræfum þann 22. nóvember þegar rúta lenti í árekstri við snjóruðningstæki. Einnig hafa ferðamenn lent í alvarlegum slysum á þjóðvegum landsins. Þá varð árekstur margra bíla á sunnanverðri Holtavörðuheidi 23. nóvember.

Virkjun samhæfingarstöðvar á árinu 2017

Á árinu 2017 var samhæfingarstöðin virkjuð 27 sinnum. Hún var virkjuð 16 sinnum vegna aðgerða og 11 sinnum vegna æfinga.

Tafla 4.

| Tegund | Óvissustig | Hættustig | Neyðarstig | Æfing |
|------------------------|------------|-----------|------------|-------|
| Flug | 2 | 2 | 3 | 3 |
| Sjór | | | | |
| Veður | 1 | 1 | | |
| Umferðarslys (hópslys) | | | 4 | 1 |
| Eldgos/jarðhræringar | 2 | | | 3 |
| Annað | 1 | | | 4 |

Samhæfingarstöðin var virkjuð sjö sinnum vegna flugatvika og þrisvar vegna flugslysaæfinga en flugslysaæfingar voru haldnar í Vestmannaeyjum, á Akureyri og á Ísafirði. Hér eru ekki talin atvik þar sem viðbragðskerfi var ræst

innan héraðs vegna lítilla flugvél en slík atvik voru allmörg á árinu, einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Engar aðgerðir voru á árinu vegna atvika á sjó. Samhæfingarstöðin var virkjuð fjórum sinnum á neyðarstigi vegna hópslysa í umferðinni og einu sinni tók stöðin þátt í æfingu á slíkum atburði.

Samhæfingarstöðin var virkjuð einu sinni vegna umfangsmikillar leitar að týndri manneskju. Þá tók stöðin þátt í fjórum æfingum af öðru tagi en að framan greinir og var ein þeirra umfangsmikil samevrópsk æfing stjórnstöðva almannavarna.

Viðbragðsáætlanir

Fjöldi nýrra viðbragðsáætlana var gefinn út á árinu og aðrar uppfærðar (sjá lista) Bráðabirgðarárýmingaráætlun var unnin fyrir Örafajökul í framhaldi af aukinni virkni í jöklinum og hún kynnt fyrir heimamönnum á íbúafundum. Þá voru haldnir sérstakir fundir með aðilum sem reka ferðaþjónustu á svæðinu.

Tafla 5.

| Yfirlit yfir vinnu við viðbragðsáætlanir árið 2017 | | |
|---|--|---------------------|
| Austurland | Hópslysaáætlun | Í vinnslu |
| | Viðbragðsáætlun fyrir Norrænu og önnur farþegaskip við austurströndina | Uppfærsla í vinnslu |
| | Viðbragðsáætlun fyrir hópslys á Austurlandi | Uppfærsla í vinnslu |
| Norðurland eystra | Flugslysaáætlun Akureyrar | Uppfærslu lokið |
| | Flugslysaáætlun Húsavík | Uppfærsla í vinnslu |
| | Flugslysaáætlun Þórshöfn | Uppfærslu lokið |
| | Jarðskjálftaáætlun Eyjafjörður | Í vinnslu |
| Norðurland vestra | Viðbragðsáætlun fyrir Sauðárkróksflugvöll | Í vinnslu |
| Suðurland | Viðbragðsáætlun fyrir Herjólf og önnur farþegaskip við suðurströndina (með Vestmannaeyjum) | Í vinnslu |
| | Viðbragðsáætlun fyrir Hornafjarðarflugvöll | Uppfærslu lokið |
| | Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Heklu | Lokið |

| | | |
|-------------------|--|---------------------|
| | Viðbragðsáætlun vegna hópslyss á Suðurlandi | Lokið |
| | Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Örfafjökli | Í vinnslu |
| Höfuðborgarsvæðið | Flugslysaáætlun fyrir Reykjavíkflugvöll | Lokið |
| Vesturland | Hópslysaáætlun Vesturland | Lokið |
| | Gróðureldar Skorradal | Lokið |
| Vestfirðir | Flugslysaáætlun Ísafjarðarflugvallar | Lokið |
| | Flugslysaáætlun Bíldudals | Í vinnslu/uppfærsla |
| Vestmannaeyjar | Flugslysaáætlun fyrir Vestmannaeyjaflugvöll | Uppfærsla lokið |
| | Viðbragðsáætlun fyrir Herjólf og önnur farþegaskip við suðurströndina (með Suðurlandi) | Í vinnslu |
| | Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vestmannaeyjum | Lokið |
| Allt landið | Sniðmát af viðbragðsáætlun heilbrigðisstofnana | Lokið |
| | Viðbragðsáætlun fyrir hafnir og skip | Lokið |
| | Viðbragðsáætlun vegna sóttvarna á flugvöllum, Keflavík, Reykjavík, Akureyri og Egilsstaðir | Lokið |

Erlent samstarf.

EES samningurinn gerir almannavörnum á Íslandi kleift að taka þátt í almannavarnasamstarfi Evrópu, EU Civil Protection Mechanism. Í gegnum það kerfi geta viðbragðsaðilar almannavarna sótt þjálfun, æfingar, vinnufundi og ýmsa fræðslu um almannavarnir.

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin tók þátt í æfingu í Danmörku á vegum Exchange of Experts verkefni sem er á vegum Evrópusambandsins.

EDREX 2017. Almannavarnadeildin tók þátt í samevrópskri stjórnstöðvaræfingu í mars og tók þátt í undirbúningi og skipulagningu

æfingarinnar.

NORDRED. Almanna- varnadeildin tekur þátt í norrænu samstarfi, sem byggir á björgunarsamningi Norðurlandanna og er fundað í NORDRED tvisvar á ári.

NEFRA 2017. Northern European Forum for Risk Assessment hélt árlega málstofu í byrjun október í Stokkhólmi. Tveir starfsmenn almanna- varnadeildar sóttu málstofuna og fluttu erindi um þau verkefni sem unnin eru í framhaldi af áhættugreiningu á Íslandi, þ.e. gerð viðbragðsáætlana og innleiðingu þeirra.

CBSS-PA. Frá miðju ári 2016 og fram á mitt ár 2017 fór Ísland með formennsku í Eystrasaltsráðinu (Council of Baltic Sea States). Almanna- varnadeild ríkislögreglustjóra fór með formennsku í málaflokknum sem heitir „Policy Area Secure“. Tekið var við keflinu á fundi í Gdansk í Póllandi í júní 2016 og Svíum afhent forystan á fundi forstöðumanna almanna- stofnana aðildarríkjanna sem haldinn var í Keflavík í maí 2017. Á þeim fundi var samþykkt ný sameiginleg stefna aðildarríkjanna í almanna- varnamálum.

Tafla 6.

| Fjöldi | Samstarfsaðilar | Land |
|--------|---|------------------|
| 2 | NordRed fundur | Noregur/Finnland |
| 2 | NORDRESS | Holland/Skotland |
| 3 | EDREX 2017 æfing | Belgía |
| 2 | Fundir í almanna- varnasamstarfi Evrópu | Brussel |
| 2 | NEFRA málstofa | Svíþjóð |
| 3 | Eystrasaltsráðið | Pólland/Svíþjóð |

Rannsóknarverkefni

Almanna- varnadeildin vinnur í nokkrum rannsóknarverkefnum. Á árinu var einnig unnið að nokkrum umsóknum um frekari rannsóknarverkefni bæði til Rannís og Evrópusambandsins.

NORDRESS (Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security) Áfram var unnið að verkefnum tengdum almanna- vörnum í NORDRESS verkefninu og tók fulltrúi AVD þátt í tveimur ráðstefnum á vegum verkefnisins þar sem kynntar voru rannsóknir sem NORDRESS vinnur að. Annars vegar var það EDUCEN ráðstefna í Dordrecht í Hollandi þar sem fjallað var um menningu og áhættuminnkandi aðgerðir og hins vegar ECCA 2017 í Glasgow í Skotlandi þar sem fjallað var um aðlögun samfélagsins að loftslagsbreytingum.

USCORE2. Rannsóknarverkefnið byggir á samstarfi og rýni sveitarfélaga í Portúgal, Bretlandi og Ítalíu á áhættuminnkandi aðgerðum og er fulltrúi almanna- varnadeildarinnar ráðgjafi í verkefninu.

Heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi.

GOSVÁ Greining á ýmsum þáttum eldgosa. Þriðji áfangi verkefnisins sem felur í sér rannsókn á áhættu vegna jökulhlaupa, gjóskuflóða og fleira.



Frá vettvangsferð við Sólheimajökul í júlí 2017.

Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar

Markmið fjarskiptamiðstöðvar er að veita bestu þjónustu sem völ er á og tryggja eins stuttan viðbragðstíma og hægt er. Fjarskiptamiðstöðinni ber að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu á milli umdæma lögreglu þegar þörf er á.


Lokið var að dulkóða Tetra fjarskiptakerfi lögreglunnar á árinu. Við það þurfti að skipta út öllum notendabúnaði lögreglunnar bæði handstöðvum og bílstöðvum. Fjölgaði handstöðvum lögreglunnar umtalsvert þannig að nú eru all flestir lögreglumenn komnir með fastar stöðvar til notkunar.

Settar hafa verið fartölvur í 38 lögreglubifreiðar. Lögreglukerfið hefur verið aðlagð til notkunar í bílunum. Með því hefur auðveldast bæði vinna útivinnandi lögreglumanna og starfsmanna FMR.


Mikil endurnýjun var á árinu á tölvubúnaði FMR. Skipt var út búnaði á þremur borðum í vinnslusal og öflugar tölvur settar upp fyrir þrjá skjáveggi. Í aðgerðarými ríkislögreglustjóra var skipt út tölvubúðnaði á öllum borðum. Miðbæjarmyndavélum fjölgaði um 15 á árinu.

Aukning var frá fyrra ári á innhringingum frá útlendingum sem voru í vandræðum víðs vegar um landið. Þessi símtöl taka yfirleitt lengri tíma en önnur verkefni. Starfsmenn FMR afgreiddu 1.518 verkefni á árinu sem tengdust útlendingum í ógöngum. Stöðug aukning hefur verið á innkomnum verkefnum til lögreglu í gegnum samfélagsforritið Falkon og opinbert netfang ríkislögreglustjóra.

Þrjú starfsmenn FMR eru í samningahópi ríkislögreglustjóra og sóttu þeir námskeið og æfingar á árinu. Einn starfsmaður sótti námsstefnu í Vilinius í Litháen vegna kynningar- og fræðsluverkefna varðandi fjarskiptamiðstöðvar lögreglu, tækni, verkferla og stýringu aðgerða.



Mynd 1. Fjöldi símtala sem starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar svöruðu.




Mynd 2. Fjöldi og lengd símtala Fjarskiptamiðstöðvar.

Starfsemi sérsveitar

Alls voru skráð 447 sérsveitarverkefni í 688 verkefnaflokkum árið 2017. Verkefnin eru skráð í verkefnaflokka og hvert verkefni getur haft fleiri en einn flokk. Töluverð aukning varð í öllum verkefnategundum sveitarinnar á árinu, að köfunarverkefnum undanskildum. Af verkefnum 447 voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 296 tilfellum, en sérsveitin bar skotvopn að staðaldri frá 8. júní til 18. september 2017. Þá veitti sérsveit tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun í 106 skipti á árinu.

Sjá nánar á mynd 3.




Mynd 3. Fjöldi sértækra verkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2017.

Almenn löggæsluverkefni

Samtals voru skráð 3.742 almenn lögregluverkefni sem sérsveitin vann árið 2017 til viðbótar við sértæk verkefni hennar. Flest verkefnin sneru að hefðbundnum handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti.

Sjá nánari skiptingu á mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi almennra löggæsluverkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2017

Starfsemi alþjóðadeildar

Verkefnum og erindum alþjóðadeildar heldur áfram að fjölga. Árið var þó talsvert mótað af formlegum ytri úttektum á helstu sviðum starfseminnar og eftirfylgni sem af þeim leiddi.

Áhersla var lögð á áframhaldandi uppbyggingu á kjarnastarfsemi deildarinnar. Einnig þeirri þjónustu og úrræðum sem hún veitir innlendum og erlendum lögreglufirvöldum og samstarfsaðilum. Skilvirkt erlent lögreglusamstarf og góð nýting erlendra gagnagrunna eflir löggæslu- og öryggismál héraendis.

Innviðir alþjóðadeildar og Alþjóðawiki

Nýtt viðmót á innri vef var tilbúð seint á árinu en þar verður endurhannað Alþjóðawiki byggt upp. Alþjóðawiki er gagnvirkur upplýsingabrunnur um bæði starfsemi alþjóðadeildar og erlent lögreglusamstarf fyrir starfsmenn deildarinnar, lögreglumenn og samstarfsaðila. Áfram verður unnið að frampróun Alþjóðawiki, meðal annars svo vefsvæðið geti þjónað þjálfun lögreglumanna á starfssviði deildarinnar.

Alþjóðadeild hélt 14 kynningar á starfseminni og erlendu lögreglusamstarfi fyrir lögreglu og samstarfsaðila og fjórar starfskynningar fyrir starfsmenn

samstarfsaðila, þar á meðal alþjóðadeildar Liechtenstein. Á móti fékk deildin fimm kynningar á starfsemi samstarfsaðila.

Hafinn var undirbúningur þess að alþjóðadeild noti lögreglukerfið (LÖKE) til umsýslu og afgreiðslu á öllum lögregluverkefnum frá miðju ári 2018. Það gerir þjónustu og úrræði alþjóðasamstarfs sýnilegri fyrir lögreglu og leiðir til betri og meiri nýtingar.

Lögreglumönnum, löggæslueiningum og samstarfsaðilum sem hafa sjálfbæran aðgang að uppflettingum í erlendum gagnagrunnum hefur fjölgað. Áfram var unnið að þessu markmiði sem meðal annars felur í sér að Samgöngustofa, Vinnueftirlitið, Þjóðskrá og Tollgæsla tengist gagnagrunnum Schengen-samstarfsins og Interpol.

Í kjölfar sérstaks átaks alþjóðadeildar 2016 fjölgaði uppflettingum í SIS, gagnagrunni Schengen-samstarfsins, verulega milli árana 2016-2017. Áætlaður fjöldi uppflettinga og skráninga árið 2017 var undir væntingum, bæði í SIS og öðrum erlendum gagnagrunnum. Ljóst er að stöðugt þarf að kynna fyrir notendum gagnsemi og þrýsta á um notkun umræddra gagnagrunna og lögreglusamstarfs.

Úttektir og annað umbótastarf

Í mars fór fram formleg úttekt á þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Úttektin er gerð á fimm ára fresti, er nokkuð umfangsmikil og nær til SIS/SIRENE, lögreglusamvinnu, ytri landamæra, persónuverndar, endursendinga (lögreglufylgda) og VIS. SIS/SIRENE hlutinn snýr beint að verkefnum alþjóðadeildar en vegna eðlis starfseminnar kom deildin að öllum öðrum þáttum úttektarinnar. Niðurstaða úttektar á SIS/SIRENE hlutanum færði Alþjóðadeild jákvæða niðurstöðu um starfsemina en fram eftir ári var unnið að umbótum í ljósi þeirra athugasemda og ábendinga sem gerðar voru.

Í nóvember gerði Interpol formlega úttekt á starfsemi alþjóðadeildar og samstarfi Íslands við höfuðstöðvar Interpol og 192 aðildarríki þess. Farið var ítarlega yfir starfsemi alþjóðadeildar (Landsskrifstofu Interpol - NCB) og hvernig hún styður við íslensk lögreglu- og tollayfirvöld og aðrar löggæslueiningar um að nýta sem best þá gagnagrunna, úrræði og þjónustu sem alþjóðlegt samstarf Interpol hefur uppá að bjóða. Niðurstaða úttektar var jákvæð í garð alþjóðadeildar en í vinnslu er umbótastarf gagnvart þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.

Á árinu hófst undirbúningur Landsskrifstofu Europol (ENU) vegna skipta á tengslafulltrúa Íslensku lögreglunnar hjá Europol. Í apríl 2018 tekur Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn við af Karli Steinari Valssyni sem hefur sinnt hlutverki tengslafulltrúa sl. fjögur ár. Á þeim tíma hafa íslensk lögreglu- og tollayfirvöld eftt mjög samstarf sitt við Europol og aðildarlönd þess og betri og meiri nýting hefur verið á þeim úrræðum og þjónustu sem samstarfið hefur uppá að bjóða. Samhliða skiptum á tengslafulltrúunum fer fram stöðumat og uppgjör á framgangi Europol samstarfsins og markmið verða sett til að efla samstarfið enn frekar.

Lögð var áhersla á að efla samskipti og samstarf við tengslafulltrúa Norðurlandanna sem staðsettir eru víðsvegar um heiminn en tekið var í notkun nýtt, lokað samskiptakerfi því tengt. Tengslafulltrúarnir þjóna íslenskum lögreglufyrirvöldum á grundvelli norrænnar lögreglusamvinnu, Politi- og Toll i Norden (PTN-samstarfið).

Til annarra mikilvægra umbótaverkefna má telja nýtt kerfi um tölfraeðiupplýsingar Schengen-samstarfsins, innleiðingu á þýðingarþjónustu Interpol, aðkomu að skilvirkari samkeyrslu íslenskra DNA-sýna og fingrafara við gagnagrunna Interpol og færslu á verkefnum tengdum Eurodac til Stoðdeildar.

Önnur starfsemi

Alþjóðadeild þjónustaði margvísleg verkefni tengd öðru innlendu og erlendu lögreglusamstarfi, svo sem landamæravörslu með uppflettingum á áhöfnum og farþegum skipa, innlenda og erlenda knattspyrnuleiki (NFIP-samstarfið - landstengiliður vegna knattspyrnuleikja) og Nordic ENFAST vinnuhópin (eftirlýstir einstaklingar). Jafnframt var vinnuframlag töluvert vegna samráðs, eftirlits, úttekta og innleiðingar er tengdist rekstri og framþróun sérhæfðra samskiptakerfa og gagnagrunna sem deildin vannur með.

Alþjóðadeild veitti meiri stuðning en áður við framkvæmd og viðburði annarra starfseininga og samstarfsaðila á árinu. Þar á meðal kom deildin að 16 lögreglufylgdum og 11 annarskonar viðburðum.

Þátttaka í erlendu lögreglusamstarfi – menntun og þjálfun

Þátttaka í erlendum og innlendum ráðstefnum, fundum og vinnuhópum og formleg menntun á ábyrgðarsviði deildarinnar er henni mikilvæg. Alls hélt alþjóðadeild tvö formleg námskeið fyrir eigin starfsmenn og samstarfsaðila, starfsmenn sóttu 13 námskeið og æfingar innanlands, þrjú námskeið erlendis auk nokkurs fjölda vefnámskeiða. Alls var 21 fundur/ráðstefna sóttur erlendis.

Starfsemi stoðdeildar

Stoðdeild ríkislögreglustjóra hóf störf í október 2016 en nýr samningur var gerður fyrir árið 2017 þar sem fjármagnaðar voru átta stöður. Vegna umfangs skjalavinnslu og almennra skrifstofustarfa var ákveðið að ráða einn starfsmann sem ekki er lögreglumenntaður en menntaður í skjalavinnslu. Í aðrar sjö stöður stoðdeildar var ráðið lögreglumenntað fólk með setningu í eitt ár samkvæmt gildistíma samnings.

Stoðdeildin vann við framkvæmd á málum 597 einstaklinga á árinu 2017 eða að meðaltali um 50 einstaklinga á mánuði. Hér er þó einnig um að ræða mál sem hætt er við áður en til eiginlegs brottflutnings kemur en þess ber þó að geta að sú vinna sem átt hefur sér stað áður en hætt er við er sú sama við undirbúning og tekur frá mannafla.

Að frátöldum ferðum þar sem hætt er við framkvæmd var heildarfjöldinn 549 manns eða að meðaltali 45 einstaklingar á mánuði. 16 ferðir voru farnar í

hverjum mánuði að meðaltali.

Flesta var farið með í janúar 2017 eða 87 manns á einum mánuði. Í þeim mánuði var farið í þrjár Frontex ferðir með samtals 64 einstaklinga en nánar verður greint frá Frontex ferðum síðar í þessari greinargerð.

Að frátöldum Frontex ferðum voru svokallaðar Dublin framkvæmdir fyrirferðarmestar en heildarfjöldi brottfluttra samkvæmt þeirri reglugerð var 155 einstaklingar í 104 ferðum. Aðrar framkvæmdir telja 94 einstaklinga í 72 ferðum.

Farið var með ríkisborgara 44 landa og voru flestir frá Makedóníu eða 158 einstaklingar.

Í ferðum ársins 2017 tóku alls 779 lögreglumenn þátt. Þess ber þó að geta að þessir 779 lögreglumenn eru að sjálfsögðu í mörgum tilfellum þeir sömu til að mynda lögreglumenn stoðeildar og síðan annarra embætta og deilda sem aðstoða við þessar framkvæmdir.

Í 200 framkvæmdum voru 92 gistinætur lögreglumanna erlendis.

Aðrir starfsmenn í þessum ferðum eru 33 en þar er um að ræða starfsfólk Mannréttindaskrifstofu Íslands, hjúkrunarfræðinga/lækna, túlka og starfsmenn barnaverndar.

FRONTEX

Á árinu 2017 var farið í 19 ferðir á vegum Frontex þar sem farið var með 293 einstaklinga til heimalands. Þegar rætt er um Frontex ferðir er átt við að Frontex endurgreiðir allan eða meginhluta kostnaðar sem hlýst af ferðinni fyrir utan vinnulaun lögreglumanna.

- NRO (National Return Operation) – Farið beint frá Íslandi til heimalands án viðkomu í öðru Evrópuríki og er Ísland því eina þátttökuríki framkvæmdarinnar. Farið var í sjö NRO ferðir með 159 einstaklinga
- JRO (Joint Return Operation) – Farið frá Íslandi með viðkomu í öðru Evrópuríki þar sem þjóðir sameinast í eina flugvél. Að lágmarki tvö þátttökuríki framkvæmdarinnar. Farið var í 10 JRO ferðir með 127 einstaklinga
- CRO (Collecting Return Operation) – Farið frá Íslandi með viðkomu í öðru Evrópuríki þar sem 3ja ríkis lögreglumenn koma og sækja sína ríkisborgara. Farið var í tvær CRO ferðir með sjö einstaklinga

Í þessum 19 Frontex ferðum tóku þátt 370 lögreglumenn og 31 annar starfsmaður.

Kostnaður – Endurgreiðslur

Beinn kostnaður sem ríkissjóður Íslands ber.

Þegar skoðaður er allur kostnaður fyrir utan launakostnað og endurgreiðslur vegna framkvæmda kemur eftirfarandi í ljós fyrir árið 2017.

| | |
|-------------------|-------------------|
| KOSTNAÐUR: | = 291.006.852 ISK |
| ENDURGREIÐSLUR: | = 228.877.922 ISK |
| KOSTNAÐUR ÍSLAND: | = -62.128.930 ISK |

Fundir og þjálfun erlendis

Á árinu 2017 sóttu lögreglumenn stoðeildar 10 fundi og þjálfun erlendis. Stærstur hluti þess var í tengslum við og í samstarfi við Frontex. Í janúar 2017 fóru tveir lögreglumenn stoðeilda í heimsókn til Danmerkur og Noregs. Þar voru heimsóttar lögregludeildir sem sjá um lögregluhluta hælisumsókna og fylgda úr landi. Einnig voru skoðaðar móttökumiðstöðvar í þeim löndum: Danmörk – Sandholm; Noregur – Råde.

Þjálfun á Íslandi

Stoðeildin hélt námskeið í fylgd úr landi fyrir íslenska lögreglumenn. Námskeiðið stóð í þrjú daga og farið var yfir bóklega og verklega þætti framkvæmda. Þar komu að ýmis fyrirtæki og stofnanir sem tengjast slíkum ferðum, s.s. flugfélög og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Námskeiðin voru tvö og útskrifuðust um 30 manns á hvoru námskeiði. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við mennta- og starfþróunarsetur lögreglunnar. Frontex hélt námskeið á Íslandi í samskiptakerfi sínu FAR (Frontex Application for Return) þar sem skráðir voru þátttakendur frá Íslandi, Noregi og Hollandi. Leiðbeinandi frá Frontex kom til Íslands og var námskeiðið haldið í húsnæði mennta- og starfþróunarseturs lögreglunnar.

Starfsemi greiningardeildar

Í byrjun árs 2017 sendi greiningardeild frá sér skýrslu um mat ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum. Ógnarmatið er óbreytt frá árinu 2015 og er hættustigið metið í meðallagi. Hættustig í meðallagi er skilgreint svo: Almenn er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.

Haustið 2017 birti greiningardeild ítarlega skýrslu um mat ríkislögreglustjóra á ógn af skipulagðri glæpastarfsemi. Í skýrslunni kemur fram það mat að starfsemi af þessum toga færir ört í vöxt á Íslandi og lögreglan standi frammi fyrir alvarlegum áskorunum á því sviði.

Að auki vann greiningardeild ítarlega skýrslu um landamæraöryggi að beiðni stjórnvalda.

Þá vann greiningardeild skýrslur um margvíslega þætti íslenskra öryggismála m.a. öryggi á fjöldasamkomum, íþróttakappleikjum o.fl. Deildin annaðist einnig áhættugreiningar vegna loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO), greiningar tengdar verkefnum sérsveitar ríkislögreglustjóra, greiningar vegna skipaverndar auk fjölda áhættugreininga vegna komu erlendra ráðamanna og þjóðhöfðingja.

Þá sinnti greiningardeild ýmsum verkefnum í tengslum við alþjóðlega úttekt á getu íslenska ríkisins til að hefta fjármögnun hryðjuverka.

Greiningardeild vann fjölda skýrsla um íslensk öryggismál á erlendum tungumálum vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Greiningardeild annast öryggisathuganir og útgáfu öryggisvottana.

Á árinu 2017 sóttu starfsmenn greiningardeildar fjölda funda þar sem m.a. var fjallað um skipulagða glæpastarfsemi, vitnavernd, öryggismál og varnir gegn hryðjuverkum. Starfsmenn deildarinnar önnuðust einnig kynningar af ýmsum toga tengdar íslenskum öryggismálum og komu að þjálfun starfandi lögreglumanna.

Verkefni greiningardeildar voru samtals 1.372 árið 2017 en voru 1.212 árið 2016 (sjá töflu 7).

Tafla 7. Fjöldi verkefna greiningardeildar 2017.

| Verkefni | 2017 | 2016 |
|--|--------------|--------------|
| Bakgrunnsathuganir vegna siglingaverndar | 0 | 36 |
| Öryggisvottanir á vegum ESB og NATO-samstarfsins | 263 | 246 |
| Önnur verkefni | 1.109 | 930 |
| Samtals | 1.372 | 1.212 |

Kennslanefnd

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra hefur starfað frá árinu 1989. Hlutverk hennar er að bera kennsl á óþekkt lík eða líkamsleifar. Nefndin starfar eftir reglugerð 350/2009, leiðbeiningum frá Interpol og starfslýsingu frá árinu 2012 sem embætti ríkislögreglustjóra gaf út.

Í kennslanefnd eru rannsóknarlögreglumenn, tæknimenn lögreglu s.s. sérfræðingur á líftækisviði (DNA), réttarlæknir, réttartannlæknar, meinafræðingur og læknir. Dómsmálaráðherra (áður innanríkisráðherra) skipar í nefndina en í henni eru fjórir aðalmenn og þrettán varamenn.

Á árinu 2017 var haldið áfram að efla starf nefndarinnar samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra frá 2014. Fjölgað var í nefndinni, keypt var handröntgentæki sem auðveldar störf réttartannlækna í nefndinni bæði á vettvangi stórslyss og við líkskoðun og krufningar í rannsóknarstofu Landspítalans í meinafræði við Barónsstíg. Þá var keypt sérstök myndavél ætluð réttartannlæknum til myndatöku af munnholi. Auk þess voru fest kaup á níu þýskum færanlegum og samfellanlegum líkskoðunarborðum, sem nýtast munu nefndinni í slysum þar sem margir farast. Einnig var keyptur margvíslegur smærri búnaður til notkunar á vettvangi.

Tveir lögreglumenn í nefndinni sóttu norræna ráðstefnu á árinu sem haldin var í Kaupmannahöfn. Formaður nefndarinnar sótti formannafund norrænna kennslanefnda þar sem samin voru drög að norrænum samningi. Í drögunum

er kveðið á um þjálfun, samstarf og aðstoð. Formaður norsku kennslanefndarinnar, Harald Skjönsfejjell, ásamt varaformönnum og starfsmanni nefndarinnar, heimsótti Ísland til að kynna sér aðstæður og búnað hérlendis. Í heimsókninni var endurnýjaður samstarfssamningur (MoU) ríkislögreglustjóra og KRIPOS í Noregi um aðstoð í stærri slysum á Íslandi, þjálfun og menntun. Á árinu 2017 komu níu mál einstaklinga til úrlausnar hjá kennslanefnd. Í sex málum var auðkenning staðfest en þrjú mál eru enn til rannsóknar. Í þremur tilfellum var auðkenning staðfest með rannsókn á fingraförum, í tveimur tilfellum var auðkenning staðfest með tannfræðilegri rannsókn og í einu fékkst staðfesting á auðkenni með DNA-rannsókn.

Horfir menn 1945 – 2018

Ríkislögreglustjóri hefur safnað saman öllum tiltækum upplýsingum hjá embættinu um þá einstaklinga sem horfið hafa frá árinu 1945 og enn teljast týndir. Alls geymir skráin nafn 120 einstaklinga.

Skráin er að sumu leyti byggð á upplýsingum frá lögreglustjórum landsins sem ber að tilkynna ríkislögreglustjóra um horfna menn innan þriggja mánaða frá því að mannhvarf er tilkynnt. Töluverð vinna liggur að baki þessari skrá, upplýsingar hafa m.a. verið færðar inn úr gömlum skjalaskráum og annars konar geymsluformum. Sjálfar upplýsingarnar um hina horfna eru frá ýmsum aðilum, oftast lögreglu en einnig geymir skráin upplýsingar frá Slysavarnarfélaginu sem svo hét auk þess sem blaðáurklippur eru í stöku tilfellum einu upplýsingarnar.

Fyrirliggjandi upplýsingar eru afar mismunandi með tilliti til efnisatriða og forms. Þannig eru eldri skýrslur iðulega ónákvæmar en almennt eru fyrirliggjandi upplýsingar nákvæmari eftir því sem nær nútíma dregur. Nú eru slíkar upplýsingar færðar inn eftir sérstöku verklagi og jafnframt inn í gagnagrunn kennslanefndar og lögreglukerfið (LÖKE) frá nóvember 2015. Þannig liggur nú fyrir ein, heildstæð skrá yfir alla þá sem ríkislögreglustjóri hefur upplýsingar um að hafi horfið frá 1945. Skráin geymir m.a. nöfn margra sjómanna sem farist hafa við störf sín á hafi úti.

Upplýsingar unnar upp úr gagnagrunni kennslanefndar ríkislögreglustjóra um horfna menn 1945 – 2018 fara hér á eftir. Taflan var unnin í ágúst 2018.

Tafla 8. Skrá yfir horfna menn, útg. 10. ágúst 2018.

| Hvarf (ár) | Kyn | Ríkisfang | Aldur við hvarf (ár) | Hvarf á sjó/landi | Staðsetning |
|------------|------|-----------|----------------------|-------------------|-------------|
| 1945 | Karl | Ísland | 24 | Landi | Reykjavík |
| 1950 | Karl | Ísland | 20 | Landi | Reykjavík |
| 1951 | Karl | Ísland | 34 | Sjó | Óljóst |
| 1955 | Karl | Ísland | 44 | Landi | Reykjavík |
| 1956 | Karl | Ísland | 35 | Landi | Reykjavík |
| 1963 | Karl | Ísland | 24 | Landi | Reykjavík |

| | | | | | |
|------|------|-----------|----|-------|------------------------------|
| 1963 | Karl | Ísland | 27 | Landi | Reykjavík |
| 1965 | Kona | Ísland | 39 | Landi | Reykjavík |
| 1969 | Karl | Frakkland | 22 | Landi | Óljóst |
| 1969 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Eyrarbakki |
| 1969 | Karl | Ísland | 47 | Landi | Reykjavík |
| 1970 | Karl | Ísland | 40 | Landi | Bláfjöll |
| 1970 | Karl | Ísland | 69 | Sjó | Grótta |
| 1972 | Karl | Ísland | 22 | Landi | Reykjavík |
| 1973 | Karl | Ísland | 28 | Landi | Reykjavík |
| 1973 | Karl | Ísland | 46 | Landi | Reykjavík |
| 1974 | Karl | Ísland | 18 | Landi | Hafnarfjörður |
| 1974 | Karl | Ísland | 73 | Landi | Snæfellsnes |
| 1974 | Karl | Ísland | 32 | Landi | Keflavík |
| 1975 | Karl | Ísland | 52 | Landi | Reykjanes |
| 1976 | Karl | Ísland | 24 | Landi | Ölfusá |
| 1976 | Karl | Ísland | 70 | Landi | Reykjavík |
| 1977 | Karl | Ísland | 23 | Sjó | Steingrímsfirði |
| 1977 | Karl | Ísland | 58 | Sjó | Steingrímsfirði |
| 1978 | Karl | Ísland | 56 | Sjó | Óljóst |
| 1978 | Karl | Ísland | 16 | Sjó | Hríseyjarsund |
| 1978 | Karl | Ísland | 17 | Sjó | Hríseyjarsund |
| 1978 | Karl | Ísland | 18 | Sjó | Hríseyjarsund |
| 1978 | Karl | Ísland | 18 | Sjó | Hríseyjarsund |
| 1979 | Karl | Ísland | 35 | Landi | Eystrasalt - Finnland |
| 1979 | Karl | Ísland | 34 | Sjó | Skjálfaflói |
| 1979 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Skjálfaflói |
| 1979 | Karl | Ísland | 44 | Sjó | Skjálfaflói |
| 1979 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Bjarnarey/ Vestmannaeyjar |
| 1979 | Karl | Ísland | 61 | Landi | Skagafjörður |
| 1980 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Grimsey |
| 1980 | Karl | Ísland | 56 | Landi | Reykjavík |
| 1980 | Karl | Ísland | 40 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 24 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 30 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 48 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Vestmannaeyjar |
| 1980 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Vestmannaeyjar |
| 1980 | Karl | Ísland | 30 | Sjó | Selvogsbanki |

| | | | | | |
|------|------|----------|----|-------|----------------------------|
| 1980 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Halamið/ Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 37 | Sjó | Kópasker |
| 1980 | Karl | Ísland | 44 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 36 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1980 | Karl | Ísland | 29 | Sjó | Kópasker |
| 1981 | Karl | Ísland | 16 | Sjó | Stokkseyri |
| 1981 | Karl | Ísland | 47 | Landi | Reykjavík |
| 1981 | Karl | Ísland | 31 | Sjó | Stokkseyri |
| 1982 | Karl | Ísland | 21 | Landi | Þingvallavatn |
| 1982 | Karl | Ísland | 18 | Landi | Þingvallavatn |
| 1982 | Karl | Ísland | 61 | Landi | Skerfajörður |
| 1983 | Karl | Ísland | 51 | Landi | Jökulfirðir |
| 1985 | Karl | Ísland | 45 | Landi | Reykjavík |
| 1985 | Karl | Ísland | 25 | Landi | Þingvallavatn |
| 1986 | Karl | Ísland | 27 | Sjó | Jökulfirðir |
| 1986 | Karl | Ísland | 29 | Sjó | Jökulfirðir |
| 1986 | Karl | Ísland | 60 | Sjó | Jökulfirðir |
| 1987 | Karl | Ísland | 20 | Landi | Reykjavík |
| 1987 | Karl | Ísland | 47 | Landi | Sogið/Ölfusá |
| 1989 | Karl | Ísland | 40 | Sjó | Rif |
| 1989 | Karl | Ísland | 25 | Landi | Óshlíð |
| 1989 | Karl | Ísland | 50 | Sjó | Akranes |
| 1990 | Karl | Ísland | 38 | Sjó | Þrídrangar |
| 1990 | Karl | Ísland | 18 | Sjó | Grindavík |
| 1990 | Karl | Ísland | 29 | Landi | Ísafjarðardjúp |
| 1990 | Karl | Ísland | 18 | Sjó | Húnaflói |
| 1990 | Karl | Ísland | 45 | Sjó | Húnaflói |
| 1990 | Karl | Ísland | 29 | Sjó | Ísafjarðardjúp |
| 1991 | Karl | Ísland | 38 | Sjó | Bolungarvík |
| 1991 | Karl | Ísland | 19 | Landi | Óshlíð |
| 1991 | Karl | Ísland | 16 | Landi | Óshlíð |
| 1992 | Karl | Brasilíu | 31 | Sjó | Hafnarnes |
| 1992 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Halamið/ Ísafjarðardjúp |
| 1992 | Karl | Ísland | 34 | Sjó | Halamið/ Ísafjarðardjúp |
| 1992 | Karl | Ísland | 61 | Sjó | Halamið/ Ísafjarðardjúp |
| 1992 | Karl | Danmörk | 59 | Sjó | Hvanney |
| 1992 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Eldeyjarbanki |

| | | | | | |
|------|------|--------------|----|-------|-------------------|
| 1992 | Karl | Filippseyjar | 31 | Sjó | Vestmannaeyjar |
| 1993 | Karl | Ísland | 48 | Sjó | Akranes |
| 1993 | Karl | Ísland | 31 | Sjó | Garðskagi |
| 1993 | Karl | Ísland | 29 | Sjó | Garðskagi |
| 1993 | Karl | Ísland | 51 | Sjó | Breiðafjörður |
| 1993 | Karl | Ísland | 73 | Landi | Akureyri |
| 1994 | Karl | Ísland | 13 | Landi | Reykjanes |
| 1994 | Karl | Ísland | 14 | Landi | Reykjanes |
| 1994 | Karl | Ísland | 13 | Landi | Vestmannaeyjar |
| 1994 | Karl | Ísland | 29 | Landi | Reykjavík |
| 1994 | Karl | Ítalía | 29 | Landi | Gullfoss |
| 1996 | Karl | Ísland | 41 | Sjó | Skarðsfjöruviti |
| 1996 | Karl | Ísland | 18 | Sjó | Skarðsfjöruviti |
| 1996 | Karl | Ísland | 32 | Sjó | Skarðsfjöruviti |
| 1997 | Karl | Ísland | 36 | Sjó | Horn |
| 1997 | Karl | Ísland | 56 | Sjó | Breiðafjörður |
| 1999 | Karl | Ísland | 21 | Sjó | Flæmski hatturinn |
| 1999 | Karl | Lettland | 22 | Landi | Straumsvík |
| 2000 | Karl | Ísland | 37 | Sjó | Akranes |
| 2000 | Karl | Ísland | 42 | Landi | Reykjavík |
| 2001 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Reyðarfjarðardjúp |
| 2001 | Karl | Ísland | 24 | Sjó | Skagatá |
| 2001 | Karl | Ísland | 20 | Sjó | Skagatá |
| 2001 | Karl | Ísland | 48 | Sjó | Svörtuloft |
| 2001 | Karl | Ísland | 31 | Sjó | Svörtuloft |
| 2002 | Karl | Ísland | 23 | Landi | Hvítá |
| 2002 | Karl | Ítalía | 33 | Landi | Grenivík |
| 2007 | Karl | Þýskaland | 28 | Landi | Svínafellsjökull |
| 2007 | Karl | Þýskaland | 24 | Landi | Svínafellsjökull |
| 2010 | Karl | Ísland | 21 | Landi | Reykjavík |
| 2013 | Karl | Filippseyjar | 55 | Sjó | Óljóst |
| 2013 | Karl | Úkraína | 36 | Sjó | Reyðarfjarðardjúp |
| 2013 | Karl | Ísland | 45 | Landi | Siglufjörður |
| 2013 | Karl | Ísland | 30 | Landi | Erlendis |
| 2014 | Karl | Þýskaland | 34 | Landi | Látrabjarg |
| 2015 | Karl | Ísland | 25 | Landi | Reykjavík |
| 2015 | Karl | Ísland | 41 | Landi | Selfoss |
| 2018 | Karl | Ísland | 48 | Landi | Selfoss |
| 2018 | Karl | Ísland | 31 | Landi | Erlendis |

Skjalastýring og móttaka

Áhersla var lögð á að ganga frá og pakka eldri skjölum embættisins ásamt því að fylgja eftir rafrænni skráningu. Í lok árs var skjalakerfið uppfært yfir í GoPro.Net 3 sem gefur möguleika á nýju útliti í GoPro Foris, sem stefnt er á að taka upp á næsta ári.

Í september stóð Skjalastýring og móttaka fyrir fræðslufundi um skjalastjórn fyrir öll lögregluembættin í landinu. Markmiðið með fundinum var að efla tengsl og miðla þekkingu á rafrænni skjalastjórnun.

Miklar endurbætur voru gerðar á móttöku embættisins, m.a. sett upp öryggisgler og búnaður endurnýjaður.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu

Árið 2017 var fyrsta fulla starfsár mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu. Árið var mjög viðburðarríkt en starfsnám lögreglufræðanema hófst í fyrsta sinn auk þess sem boðið var upp á lengri og skemmri námskeið fyrir starfsfólk lögreglu. Í upphafi árs voru valdir 48 lögreglufræðanemendur við Háskólann á Akureyri (HA) í starfsnám hjá menntasetrinu. Alls bárust 65 umsóknir um starfsnám en einn dró umsókn sína til baka, tveir uppfylltu ekki skilyrðin, níu luku ekki þrekprófum með fullnægjandi árangri og tveir luku ekki bóklegum prófum með fullnægjandi árangri. Þrír umsækjendur mættu ekki í þrekprófin og boðuðu ekki forföll. Í ljósi skorts á menntuðum lögreglumönnum ákvað ríkislögreglustjóri, að höfðu samráði við HA, að taka alla þá 48 umsækjendur sem uppfylltu skilyrðin inn í starfsnámið, 27 konur og 21 karl.

Starfsnám hjá lögreglu er 18 ECTS einingar og nær yfir þrjár annir. Fyrstu tvær annirnar fara fram hjá menntasetrinu en á síðustu önn námsins fara nemendur til lögregluembættanna í starfsþjálfun. Hjá mennta- og starfsþróunarsetri fá nemendur þjálfun í hagnýtri úrlausn lögregluverkefna, s.s. handtökuaðferðum, skýrslugerð, skráningu í lögreglukerfið (LÖKE) og akstri með forgangi,

Tveir samstarfsfundir voru haldnir með starfsfólki lögreglufræðanámsins hjá Háskólanum á Akureyri á árinu, einn að Laugarbakka og annar á Akureyri. Markmið fundanna var að samþætta akademískt nám Háskólans við verklegt nám sem er á vegum mennta- og starfsþróunarseturs.


Í október heimsóttu fulltrúar menntaseturs lögreglu og lögreglufræða við háskólann á Akureyri norska lögregluháskólann í Ósló og sænska háskólann í Stokkhólmi. Fulltrúarnir kynntu sér þróun námsskrár BA náms í lögreglufræðum auk starfsnáms sem fram fer hjá lögregluembættum landanna. Var þessi heimsókn liður í að þróa lögreglufræðanámið og finna leiðir til að samþætta betur akademískt nám og verklega þjálfun.

Í mars var opnuð vefsíða menntasetursins eftir talsverðan undirbúning. Þar má finna allar upplýsingar um starfsemi menntasetursins, umsóknarferli um starfsnám og þau námskeið og fræðslu sem er í boði. Er þetta mikil breyting á umgjörð fræðslumála lögreglunnar þar sem fræðslustarf og upplýsingagjöf fyrir starfsfólk lögreglu er nú aðgengilegt í takt við nýja tíma. Skráning á námskeið fer fram á vefsíðu setursins <http://menntaseturlogreglu.is>.

Í samstarfi við HA var kennslukefið Moodle tekið í gagnið fyrir námskeið sem eru á vegum menntaseturs lögreglu. Þar geta þátttakendur námskeiða sótt allt kennsluefni og námsgögn er tengjast námskeiðum og fræðslu menntasetursins. Þannig fá þátttakendur aðgangsorð inn í sitt námskeið þar sem öll námsgögn er að finna og samskipti við kennara og aðra nemendur geta átt sér stað. Moodle kennslukerfið hentar einkar vel þar sem hægt er að nýta tímann betur í staðnámskeiðum og er kjörið til fjarkennslu.

Sí- og sérmenntun

Á árinu 2017 stóð mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu fyrir nokkrum ráðstefnum, hélt fjölda námskeiða og hóf lengra nám á sviði rannsókna sakamála og stjórnunar lögreglurannsókna. Alls voru 48 viðburðir á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, ráðstefnur og málþing auk aðgerðabjálfunar sem sérsveit ríkislögreglustjóra annaðist. Alls voru 1.264 þátttakendur á þessum viðburðum en tímalengd hvers viðburðar var allt frá hálfum degi að hálfu ári. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu þátttakenda á tegund viðburða.



Mynd 5. Fjöldi þátttakenda eftir tegund viðburðar á árinu 2017.

Þróun náms í rannsóknum sakamála og stjórnun lögreglurannsókna

Í byrjun árs 2017 kallaði mennta- og starfsþróunarsetur saman faghóp um menntun á sviði rannsókna sakamála. Í kjölfarið voru gerð drög að sex mánaða námi í rannsóknum sakamála fyrir nýja rannsóknarlögreglumenn og sex mánaða námi í stjórnun lögreglurannsókna fyrir reynda

rannsóknarlögglumenn. Auglýst var eftir umsækjendum í námið um sumarið og hófst það 1. september. Námið er að mestu í fjarnámi en tvær vikur langar lotur voru í staðnámi í stjórnun lögreglurannsóknna og fjórar í rannsóknnum sakamála. Stjórnendur náms í stjórnun lögreglurannsóknna voru Dr. Andy Griffiths og Dr. Ivar Fahsing en þeir hafa sérhæft sig í þróun á skýrslutökutækni og ákvarðanatöku í rannsóknnum sakamála. Stjórnendur náms í rannsóknnum sakamála voru Halldór R. Guðjónsson ákærandi og Eiríkur Valberg rannsóknarlögglumaður en báðir voru þeir meistaranemar í rannsóknnum sakamála á þessum tíma. Markmið námsins var að bæta gæði í rannsóknnum sakamála en kennslufræðileg samsetning námsins stenst þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms hvað varðar námsefni, námsmat og gæði. Vinnumagn nemenda samsvarar 15 ECTS einingum í háskólanámi í hvoru námskeiðinu fyrir sig.

Aðkoma erlendra sérfræðinga að þjálfun

Mennta- og starfsþróunarsetur hélt námskeiðaröð í byrjun mars með Dr. Peter Collins réttargeðlækni þar sem starfsfólk lögreglu sótti sér fræðslu. Þannig fengu þátttakendur fræðslu um sálfræði kynferðisbrotahegðunar, samningatækni, sálfræði öfgahópa og fræðslu um vellíðan í starfi. Einnig fengu nemendur í lögreglufræðum að njóta góðs af þekkingu Collins en hann ræddi við þá um samskipti við fólk með geðrænan vanda

Í maí voru haldin tvö námskeið um skýrslutökur af brotapolum og sakborningum í ofbeldisbrotamálum. Voru það tveir breskir sérfræðingar sem komu að þjálfuninni, þeir Phil Morris og Steve Retford.

Í apríl stóð mennta- og starfsþróunarsetur fyrir gagnreyndri (evidence based) þjálfun í streitustjórnun í lögregluaðgerðum sem nefnist iPREP. Teymi kanadískra og finnskra sérfræðinga kom hingað til lands til að þjálfa þjálfara lögreglu í aðferðafræði iPREP. Aðferðin felur í sér þjálfun í streitustjórnun þar sem notast er við lífeðlisfræðilega endurgjöf og er þjálfuninni síðan beitt við raunhæfar æfingar til að yfirfærsla náist. Tuttugu lögreglumenn sóttu námskeiðið sem stóð í fjóra daga en fjöldi aðstoðarmanna og leikara kom að verkefninu.

Í október var haldinn fræðsludagur fyrir ákærendur um þróun menntunar í rannsóknnum brota og stjórnun lögreglurannsóknna. Fyrirlesarar dagsins voru Dr. Andy Griffiths og Dr. Ivar Fahsing sérfræðingar í þróun skýrslutökutækni og ákvarðanatöku í rannsóknnum sakamála.

Ráðstefnur og málþing

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu kom að nokkrum ráðstefnum og málþingum á árinu. Helst má nefna ráðstefnu um vörusvik og hugverkabrot sem haldin var í stamstarfi við Tollstjóra og Europol í febrúar. Í maí var haldinn fræðslufyrirlestur um viðtalstækni við fatlað fólk. Í september stóð menntasetrið fyrir ráðstefnunni „Prælahald nútímans“ í samstarfi við Starfsgreinasamband Íslands, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg. Ráðstefnan var hluti af verkefninu „Gegn mansali – samvinna yfir landamæri sem hlaut styrk úr Jafnréttissjóði 2016. Þar miðluðu

sjö sérfræðingar frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku af reynslu sinni og þekkingu á málefnum.

Alþjóðleg samstarf

Mennta- og starfsþróunarsetur er í alþjóðlegu samstarfi á sviðum er tengjast mennta- og fræðslumálum fyrir starfsfólk lögreglu. Helst ber þar að nefna samstarf við CEPOL, NORDCOP og Frontex. Einnig fékk menntasetrið fjölmargar heimsóknir og hélt ráðstefnur með erlendum sem innlendum sérfræðingum.

Evrópski lögregluskólinn - CEPOL

Evrópski lögregluskólinn (European Police College) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu hjá CEPOL. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið (Webinars) og staðnámskeið sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í fjölbreyttum námskeiðum. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðum fræðslufyrirlestrum á vegum CEPOL. Alls sóttu 11 starfsmenn lögreglu námskeið erlendis á árinu á vegum CEPOL. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra þurfa að greiða fyrir ferðir og uppihald þátttakenda en CEPOL innheimtir engin námskeiðsgjöld. Allar upplýsingar og námsframboð CEPOL er nú aðgengilegt á vefsíðu menntasetursins. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Búdapest, þar sem höfuðstöðvar CEPOL eru, og sótti fulltrúi MSL þá fundi í apríl og október 2017.

Samstarf um fræðslu vegna hatursglæpa

Ríkislögreglustjóri gerði á árinu samning við ODIHR, Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, um fræðslu fyrir starfsfólk lögreglu á sviði hatursglæpa. Menntasetrið hélt í kjölfarið námskeið þar sem átta sérfræðingar frá stofnuninni komu og þjálfuðu níu lögreglumenn og hóp ákæranda til að miðla þekkingu um hatursglæpi. Námskeiðið fyrir lögreglumenn var haldið á vegum mennta- og starfsþróunarseturs í húsakynnum ríkislögreglustjóra. Þátttakendum var kynnt námsefni ODIHR um hatursglæpi til að miðla áfram til starfsfólks lögreglu. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu hefur gert það að stefnu sinni að þessi fræðsla verði fastur liður símenntun starfsfólks lögreglu.

NORDCOP samstarfið

Menntasetur lögreglu er samstarfsaðili við lögregluskólana á Norðurlöndunum, undir formerkjum NORDCOP. Samstarfið hefur staðið um langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna. Samstarfið er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið styrkt af NORPLUS. Samstarfið miðar að því að efla grunnám til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi og aðgerðarþjálfunar. Þá er mikilvægur þáttur í samstarfinu nemendaskipti sem hafa verið árleg

síðastliðin ár en Ísland hefur aðeins tekið á móti nemendum en ekki sent út. Það mun breytast eftir að lögreglumenntun var færð á háskólastig og er Háskólinn á Akureyri nú formlegur samstarfsaðili að verkefninu. Lögreglunemar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku komu í starfsheimsókn vorið 2017. Dvöldust nemarnir hér á landi í þrjár vikur og var þétt dagskrá þar sem þeir heimsóttu mörg embætti og kynntust starfsemi lögreglunnar á Íslandi.

Skólastjórafundur Norðurlandanna

Hinn árlegi fundur skólastjóra lögreglunáms á Norðurlöndum var haldinn á Íslandi 27.-28. apríl. Fundurinn var haldinn sameiginlega af mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu og Háskólanum á Akureyri en fundurinn var haldinn í húsnæði háskólans. Meðal þess sem rætt var um á fundinum var þróun náms á Norðurlöndunum, nemendaskipti og sameiginleg þróunarverkefni, svo sem tölvubrot, málefni innflytjenda og aðgerðapjálfun lögreglu.

Heimsóknir og kynningar

Með nýju fyrirkomulagi lögreglumenntunar og umgjörð símenntunar fyrir starfsfólk lögreglu hefur verið mikill eftirspurn og þörf að kynna starfsemi menntasetursins. Margir hafa komið til að kynna sér starfsemina og einnig hafa fulltrúar menntasetursins farið í stofnanir og kynnt hlutverk þess.

Menntasetrið var með kynningarbás á opna háskóladeginum í Háskóla Íslands ásamt Háskólanum á Akureyri þar sem fjölmargir lögðu leið sína til að fræðast um hið nýja nám í lögreglufræðum.

Í apríl var skipulögð koma 30 þýskra lögreglunema frá Bundespolizei í Þýskalandi sem kynntu sér starfsemi lögreglunnar og MSL. Hingað til lands komu einnig lögreglukonur frá Bæjaralandi í Þýskalandi í sömu erindagjörðum.

Einnig má nefna sálfræðinga frá rúmönsku lögreglunni sem heimsóttu menntasterið og doktorsnema frá University of Southampton sem kynntu sér starfsemi lögreglunnar.

Þjálfun fyrir Tollskóla ríkisins og starfandi tollverði

Menntasetur lögreglu tók að sér að aðstoða Tollskóla ríkisins við þjálfun nemenda skólans sem voru að ljúka fyrri námsönn. Helstu áhersluatriði í kennslunni voru handtökuaðferðir, leysitök og sjálfsvörn. Einnig var kennd notkun handjárna og OC piparúða sem tollverðir hafa heimild til að bera og nota. Kennsluaðferðir eru að mestu leyti verklegar fyrir utan bóklega kennslu í notkun OC varnarúða. Einnig var haldið upprifjunarnámskeið fyrir starfandi tollverði sem lokið hafa grunnþjálfun í valdbeitingu/sjálfsvörn.

Rannsóknir og þróun

Embættið fylgist með þróun afbrota á landsvísu en tveir megin mælikvarðar eru notaðir til þess. Annars vegar eru unnar margvíslegar tölfræðilegar greiningar úr málaskrárkerfi lögreglunnar. Hins vegar stendur embætti

ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að könnun meðal almennings á reynslu landsmanna af afbrotum og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í sömu könnun er einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu íbúa.

Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu

Í september 2017 var gefin út skýrslan Afbrotatölfræði 2016 þar sem birtar voru staðfestar tölur um afbrot samkvæmt málaskrárkerfi lögreglu. Þá voru birtar bráðabirgðatölur fyrir árið 2017 í byrjun árs 2018. Í báðum skýrslum er birt greining eftir helstu brotaflokkum, lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Í töflu 9 má sjá brotaflokkana sem fjallað er um í skýrslunni.

Tafla 9. Fjöldi brota árið 2017 miðað við meðaltal áranna á undan, eftir helstu brotaflokkum.


| Brotaflokkur | Meðaltal 2014-2016 | 2017* | Fráv.hlutfall < eða > en 8% |
|-------------------------------|--------------------|-------|--------------------------------|
| Auðgunarbrot | 5.631 | 5.766 | – |
| Áfengislagabrot | 671 | 728 | ↑ |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | 747 | 981 | ↑ |
| Eignaspjöll | 1.793 | 1.858 | – |
| Fíkniefnabrot | 2.053 | 2.211 | – |
| Kynferðisbrot | 453 | 498 | ↑ |
| Nytjastuldur | 1.476 | 1.711 | – |
| Ofbeldisbrot | 384 | 409 | ↑ |
| Skjala- og peningafals | 246 | 329 | ↑ |

*Bráðabirgðatölur (frávikshlutfall >8% þá ↑, frávikshlutall milli -8 og 8% þá –)

Könnun um viðhorf til lögreglu og reynslu íbúa

Í maí og júní 2017 var könnunin „Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu“ lögð fyrir almennig. Félagsvísindastofnun tók saman niðurstöður um viðhorf til lögreglu og þjónustu við íbúa og var hún birt á vef lögreglunnar í febrúar 2018. Þá voru birtar niðurstöður um reynslu landsmanna og öryggistilfinningu íbúa í mars sama ár. Í niðurstöðum kom meðal annars fram að um 36% landsmanna 18 ára og eldri leituðu til lögreglu á árinu 2016. Flestir hringdu í neyðarlínu (47%) og næstflestir nýttu sér annars vegar samfélagsmiðla lögreglu (31%) og hins vegar að hringja beint á lögreglustöð (31%).

Í sömu könnun var spurt um reynslu af afbrotum og urðu 20% íbúa fyrir a.m.k. einu broti (þ.e. eignaspjöllum, þjófnaði, innbroti, ofbeldisbroti og/eða kynferðisbroti) árið 2016. Flestir höfðu orðið fyrir eignaspjöllum (17%) og næstflestir fyrir þjófnaði (9%). Skýrslurnar má finna á www.logreglan.is.



Mynd 6. Varðstu fyrir broti árið 2016? (þ.e. eignaspjöllum, þjófnaði, innbroti, kynferðisbroti og/eða ofbeldisbroti)

Ýmis verkefni

Á árinu 2017 fengu Hagstofan og embætti ríkislögreglustjóra styrk frá Evrópusambandinu til að gera rannsókn á kynbundnu ofbeldi (e. Testing and piloting survey on Gender-Based Violence). Sama rannsókn verður gerð í mörgum öðrum Evrópulöndum og verður því hægt að bera saman tíðni hér á landi við þau lönd. Rannsóknin verður lögð fyrir á vormánuðum árið 2018.

Önnur verkefni Rannsóknar og þróunar hafa m.a. falist í því að gera gögn og upplýsingar sem aðgengilegastar fyrir lögreglu þannig að þær nýtist sem best við ákvarðanatöku og stjórnun. Unnið var að uppfærslu á verklagsreglum tengdum heimilisofbeldi, m.a. vegna nýs lagaákvæðis um heimilisofbeldi (gr. 218.b í almennum hegningarlögum).

Starfsmenn lögreglu

Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna

Árið 2017 var með hefðbundnum hætti hvað varðar fræðslu um félagastuðning og streitustjórnun fyrir nemendur í starfsnámi í lögreglufræði við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar. Félagastuðningskerfi lögreglunnar var jafnframt kynnt á námsstefnu í tilefni stofnunar þekkingar- og rannsóknarseturs áfalla við Háskólann í Reykjavík þar sem fjallað var um streitu og álag í lögreglustarfinu.

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings og ber að tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Í maímánuði sátu 26 lögreglumenn námskeið í félagastuðningi og sinna því hlutverki stuðningsaðila í félagastuðningi á sinni starfsstöð í kjölfarið.

Stuðningur fagfólks er einnig mikilvægur fyrir félagastuðningskerfi lögreglunnar og sóttu a.m.k. 94 starfsmenn lögreglunnar sálfræðiþjónustu árið 2017, sem embætti ríkislögreglustjóra greiðir fyrir.

Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilit að velja sér löggildan sérfræðing til að sækja viðtöl hjá. Tilvísanakerfi félagastuðningsins er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra.

Jafnréttismál lögreglunnar

Í október hittu jafnréttisnefnd lögreglunnar jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Á fundinum var m.a. farið yfir kynningu á verkefninu „Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“. Formaður fagráðs lögreglunnar ásamt ritara og öðrum nefndarmanni fóru yfir uppfærðar verklagsreglur, þar sem ráðið fer nú með ráðgefandi hlutverk, og stöðu og eðli mála sem borist hafa fagráðinu. Að lokum var staða mála hjá embættunum rædd.

Samvinna við kynjafræðiskor HÍ hélt áfram á árinu 2017 og áframhaldandi vinna vegna verkefnisins „Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“.

Árið 2017 var sett á námskeið sem snýr að frekara námi í rannsóknum sakamála og stjórnun lögreglurannsókna en hlutfall kvenna meðal rannsóknarlögreglumanna var tæpt 21% árið 2017. Konur meðal rannsóknarlögreglumanna voru sérstaklega hvattar til að sækja þetta námskeið.

Ekki var gefin út aðgerðaráætlun árið 2017 þar sem jafnréttisfulltrúi lögreglunnar var í fæðingarorlofi.

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

1. **Norrænn fundur um mannauðsmál lögreglu, haldinn á Íslandi í september.** Á þessum fundi sátu þrír fulltrúar frá embætti ríkislögreglustjóra. Á fundinum var m.a. rædd samræming vinnu og einkalífs, ástæður brotthvarfs úr starfi og hvernig hægt er að fyrirbyggja vinnuslys.
2. **Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum, á Íslandi í mars.** Mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu fundinn sem haldinn var í Danmörku.
3. **Námskeið hjá FBI Academy Quantico Bandaríkjunum í október – desember.** Um er að ræða stjórnunar- og lögreglufræðanám sem Runólfur Þórhallsson aðalvarðstjóri sótti.
4. **Námskeið í Þýskalandi í júní.** Sameiginlegt námskeið ríffilskyttna sérsveitar og sérsveitarinnar í Kassel í Þýskalandi. Fjórir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
5. **Námskeið um rannsóknir vettvangs þar sem sprengja hefur sprungið, haldið í Danmörku í september.** Fulltrúar sprengjusveita á Norðurlöndunum sóttu námskeiðið. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
6. **Námskeið í Noregi í október.** Námskeið í samningatækni/fortölum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
7. **Námskeið í Danmörku.** Samnorrænt námskeið fyrir árásarstjórnendur í sérsveitum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið sem haldið var í þremur lotum yfir árið.
8. **Námskeið í Danmörku.** Samnorrænt námskeið fyrir stjórnendur í sérsveitum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið sem haldið var í tveimur lotum yfir árið.
9. **Námskeið í Bandaríkjunum.** Námskeið í öryggisleit. Þrír fulltrúar frá sérsveit og einn frá greiningardeild sóttu námskeiðið.
10. **Samnorrænir fundir um samstarf almennrar lögreglu á Norðurlöndunum (NOFOPS).** Sóttir voru átta fundir þar sem fjallað var um samvinnu almennrar löggæslu á sviði áætlanagerðar, tækjabúnaðar lögreglu og fl. NOFOPS er samráðsvettvangur yfirmanna ríkislögreglustjóraembætta á Norðurlöndum en þar er fjallað um ýmis mál tengd samstarfi lögregluliða.
11. **Námskeið í Finnlandi í september.** Námskeið fyrir stjórnendur í lögreglu haldið af FBI. Einn fulltrúi frá sérsveit og einn frá alþjóðadeild sóttu námskeiðið.
12. **Námskeið í Þýskalandi í júní.** Námskeið um bráðameðferð slasaðra og aðferðarfræði í skyndihjálpi. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
13. **Námskeið og fundir á vegum ATLAS - samstarfsins.** Samstarf sérsveita í Evrópu. Alls voru sótt 11 námskeið og fundir á vegum ATLAS.
14. **CEPOL – EUROPOL í Eistlandi í júlí.** Ráðstefna og þjálfun varðandi CBRN og

sprengiefni. Einn fulltrúi sérsveitar sótti ráðstefnuna og þjálfunina.

15. **Ráðstefna í Þýskalandi í febrúar.** Ráðstefna um sérhæfðan búnað sérsveita og lögreglu. Einn fulltrúi sérsveitar sótti ráðstefnuna.
16. **Norrænn fundur um umferðaröryggismál (SANT)** í Helsinki dagana 29. -30. ágúst 2017.
17. **Fundir hjá Frontex vegna Return Operation samstarfs í febrúar – júní – september – desember voru sóttir.** Þessir fundir eru bæði í tengslum við undirbúning á framkvæmdum og síðan framkvæmdirnar sjálfar þar sem þjóðir aðstoða hver aðra í samstarfi við Frontex í þeirra aðgerðum.
18. **Í mars fóru tveir lögreglumenn stoðeildar til Þýskalands og fengu þjálfun í valdbeitingu vegna framkvæmda fylgda úr landi í flugvélum.** Þjálfunin var hluti af undirbúning stoðeildar á námskeiði í framkvæmd fylgda úr landi fyrir Íslenska lögreglumenn.
19. **Í maí fóru lögreglumaður stoðeildar til Þýskalands í „Team Building Seminar“ á vegum Frontex.** Þar hittast fulltrúar þeirra deilda aðildarþjóða Frontex sem annast framkvæmdir fylgda úr landi og bæði skiptast á reynslu og aðferðum í málaflokknum.
20. **Í september fór lögreglumaður stoðeildar í þjálfun á notkun á svokölluðu FAR (Frontex Application for Return) kerfi Frontex.** Í því kerfi eru öll samskipti og gögn vegna framkvæmda fylgda sem Frontex hefur með að gera og endurgreiðir kostnað.
21. **Í nóvember fóru lögreglumaður stoðeildar á stofnfund hóps sérvalinna þjóða hjá Frontex til að móta og þjálfra aðrar þjóðir í aðgerðum við valdbeitingu í fylgdum úr landi.**
22. **Í nóvember fóru lögreglumaður stoðeildar á fund hjá Frontex** sem hefur það verkefni að endurskoða og endurbæta „Code of Conduct“ reglur Frontex en hér er um að ræða bæði verklagsreglur við framkvæmd og siðareglur þeirra sem taka þátt í aðgerðum á vegum Frontex.

